

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að beina þeim tilmælum til stjórnenda í grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkur að leita leiða til að tryggja að börn, foreldrar/forsjáradilar og aðrir sem tengjast skóla- og frístundastarfi geti komið óskum sínum, tillögum, skilaboðum eða ábendingum á framfæri með einföldum hætti er varða skóla- og frístundastarfið, t.d. með hugmyndakössum. Tillaga þessi er hugsuð til að auðvelda börnum og foreldrum að hafa áhrif á starfið og velferð barna og ungmenna í samræmi við áherslur nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar um félagsfærni og sjálfseflingu barna og ungmenna þ.m.t. lýðræðislega virkni.